



Litríkustu borgir og bæir heims

Sumir velja sér áfangastaði eftir því hvar er best að versla en aðrir elta uppi góðan mat. Sögufrægir staðir draga ákveðinn hóp að og þá ferðast margir til þess að skoða myndlist. Ef einhverjum dytti í hug að heimsækja eingöngu litríka staði væri það lítið mál.

1. Valparaíso Síle. Borgin stendur við Kyrrahafið. Hún er þekkt fyrir afslappaða bóhem-menningu, fallegt umhverfi og sérstaklega litrík hús. Rétt um 300.000 manns búa í borginni.

2. Longyearbyen er á Spitsbergen, stærstu eyjunni á Svalbarða. Um

2.000 manns búa í bænum og hafa íbúar málað húsin sín í björtum og upplífandi litum.

3. Chefchaouen í Marokkó var stofnuð árið 1471 í kringum virki sem stendur enn þann dag í dag. Borgin er sérstök fyrir þær sakir að mikið er um blámálaðar byggingar.

4. Bo-Kaap er vægast sagt litríkt hverfi í Höfðaborg í Suður-Afríku. Hverfið nýtur mikilla vinsælda fyrir einstakan arkitektúr og samheldni íbúanna.

5. Burano-eyja á Ítalíu. Eyjan er um sjö kílómetra frá Feneyjum og þar búa um 2.800 manns. Hún er

þekkt fyrir blúndugerð íbúanna og fallega máluð húsin.

6. Jodhpur á Indlandi er einnig þekkt sem „bláa borgin“ en í elsta hluta bæjarins eru flestöll húsin máluð í bláum lit.

7. Willemstad er höfuðborg Curacao-eyju í Karíbahafinu. Mið-

bær Willemstad er á heimsminjaskrá UNESCO en bærinn er þekktur fyrir fallegan arkitektúr.

8. Cinque Terre-ströndin á Ítalíu er einnig á heimsminjaskrá UNESCO. Þorpin sem byggð hafa verið út á klettótta hlíðina þykja sérstaklega sjarmerandi.

Hreinsum dúnúlpur



Háaleitisbraut 58-60, 108 Rvk - Sími 5531380

Heillandi heimur óperunnar

Það færir sífellt í vöxt að ferðamenn blandi menningarviðburðum saman við ferðalögin. Margir óperuunnendur fjölmenna til Evrópu þar sem fjölmargar óperuhátíðir eru haldnar ár hvert auk þess sem óperuhúsin sýna mikið úrval ópera allt árið um kring.

Menningartengd ferðþjónusta hefur vaxið jafnt og þétt undanfarna áratugi og er stór hluti af þeirri ferðþjónustu sem boðið er upp á í heiminum í dag. Einn þeirra Íslendinga sem flétta iðulega saman ferðalögum og menningu er Selma Guðmundsdóttir, aðjúnkt við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, sem hefur á undanförunum árum sótt ýmsar óperuhátíðir og óperuhús í Evrópu og Bandaríkjunum. Meðal viðkomustaða Selmu undanfarin ár má nefna Metropolitan-óperuna í New York, Parísaróperuna, Wagner-hátíðina í Bayreuth, Bæversku ríkisóperuna í München, Rossini-óperuna í Pesaro á Ítalíu og svo óperuhúsin í Berlín. „Það er afar skemmtilegt að sameina ferðalög til heillandi staða og heimsóknir í óperuhús. Einkum getur verið gaman að gera það í góðum hópi samferðamanna því fátt er skemmtilegra en að stinga saman nefjum eftir sýningar og bera saman upplifunina yfir góðri máltíð.“

Meðal verka sem Selma hefur séð undanfarið er hluti af tíma-mótauppsætningu á Niflungahringnum eftir Wagner í Metropolitan-óperunni árið 2012. Ári síðar sá hún Niflungahringinn aftur í München með félögum sínum í

Wagnerfélaginu og skömmu síðar Parsifal í München. Í Parísaróperunni síðasta vor sá hún heillandi uppfærslu á Tristan og Isolde eftir Wagner auk óperunnar I Capuleti e i Montecchi eftir Bellini. Í Berlín hefur hún séð Tristan og Isolde þar sem Kristinn Sigmundsson söng König Marke með glæsibrag. Í sömu borg sá hún Meistar söngv-arana og Lé konung þar sem Tómas Tómasson fór á kostum, sem Sachs í Meistararöngvurunum og í titilhlutverki Lés konungs eftir Þjóðverjann Aribert Reimann. Í sumar heimsótti Selma í fyrsta sinn hina árlegu Rossini-hátíð sem haldin er í Pesaro á Ítalíu í yndislegu litlu óperuhúsi auk þess sem hún hefur sótt óperuhátíðina í Verona sem haldin er utandyra. Þá er enn eftir að telja Wagnerhátíðina í Bayreuth sem er haldin hvert sumar en þangað ferðast hún nær árlega.

Opin fyrir öllu

Ef Selma ætti að nefna eitthvað sem stendur upp úr á ferðum sínum undanfarin ár nefnir hún óperuhúsið í Bayreuth í Þýskalandi sem er eitt fullkomnasta óperuhús heims enda með óviðjafnanlegum hljómburði. „Richard Wagner hannaði það sjálfur og reisti. Hann hafði m.a. hljómsveit í húsinu í byggingarferlinu sem tryggði

þennan einstaka hljómburð sem tekur öllu fram.“

Þótt óperur hafi löngum verið í forgrunni ferðalaga Selmu reynir hún stöðugt að vera opin fyrir öllu því sem viðkomustaðirnir hafa upp á að bjóða. „Metropolitan-óperan í New York er til að mynda skemmtilega staðsett rétt við Central Park. Ég fer alltaf að minningarreitnum um John Lennon í garðinum og svo er þar yndislegur veitingastaður þar sem gaman er að snæða eftir góðan göngutúr í garðinum. Fjölmörg söfn eru í New York og hef ég sérstakt dálæti á Frick Collection.“

Þegar óperuhátíðin í München er haldin í júlí eru allar dásæmdir Bæjaralands innan seilingar að sögn Selmu. „Þar má finna vötn til að synda í og Alþarnir bjóða upp á gönguferðir. Svo er ótrúlega heillandi að gera sér ferðir og skoða hallir Lúðvíks 2. sem hann reisti í Neuschwanstein, Linderhof og við Chiemsee.“

Í Berlín er einnig mikið af bæði söfnum og veitingastöðum. „Í sérstöku uppáhaldi hjá mér er Bókmenntahúsið, Haus der Literatur, í fallegum garði við Fasanenstrasse. Þar er frábært kaffihús og matsala og mjög fín bókabúð í kjallaranum.“

Það er þétt dagskrá fram undan hjá Selmu næstu mánuði.



Selma með Selmu Láru dóttur sinni við Wagner-leikhúsið í Bayreuth árið 2004.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Í nóvember fer hún til Vínarborgar þar sem hún sér tvær uppsetningar. Þaðan verður haldið til Fényja á aðrar tvær. „Einnig mun ég sjá uppfærslu á Niflungahringnum í Þýsku borginni Dessau í maí

á næsta ári auk þess sem ég mun eyða nokkrum dögum á óperuhátíðinni í München í júlí á næsta ári þar sem er mikið úrval af óperum í boði og mjög hár standard í flutningi.“

Kiwi skóáburður og rakavörn

-ómissandi fyrir góða umhirðu á skófatnaði



-alveg skínandi



Það stenst þær enginn; norsku prinsessurnar og systurnar úr teiknimyndinni Frosin.

Frosin í Disney World

Skemmtigarðurinn Walt Disney World tilkynnti á dögnum að reisa ætti sérstakan Frosin-garð í Disney World á Flórída.

Reiknað er með að ísi lagður ævintýraheimur norsku systranna úr Frosin opni formlega snemma árs 2016. Þaðan í frá geta gestir Disney World gengið inn í konungsríkið Arendelle til að endurupplifa og taka þátt í eftirlætisatriðunum sínum við ómpýða og margverðlaunaða tónlistina úr Frosin. Vitaskuld fá þeir konunglegar móttökur Elsu og Önnu og allt um kring skottast persónur úr vinsælasta ævintýri Disney til þessa.

Óþreyjufullir hafa úr nógu að moða í millitíðinni. Þannig taka Elsa drottning, Anna prinsessa, Kristján og sólskinskandi snjókarlinn Ólafur þátt í jólaskrúðgöngu Mikka Músar og Elsa breytir kastala Öskubusku í glitrandi íshöll sína á hverju kvöldi á komandi adventu, yfir jól og áramót.

Ævintýraveröld Frosin verður á sama stað og Maelstrom hefur verið í Escot, svæði sem helgað hefur verið sögu víkinga frá því á níunda áratugnum í Disney World. Það hefur valdið addáendum víkingasagna vonbrigðum en Disney lofar að Maelstrom verði opnað aftur á nýjum stað árið 2016.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Úmsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, s. 512-5446, jonatan@365.is

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Skíðasvæðið er vel geymt leyndarmál

Vestfirðir eru góðir heim að sækja. Vetrarkvöldin eru stjörnuþjört, norðurljósinn sindra og nálægðin við náttúruna er mikil. Alls kyns afþreying er í boði þar sem flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Sundlaugar, bíó, veitingastaðir, listsýningar og fjölbreytt tónlistarlíf blómstrar. Þá er skíðasvæði Ísafjarðarbæjar eitt það besta á landinu enda státar það meðal annars af Latabæjarbrekku.

Dalirnir tveir sem mynda Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar, Tungudalur og Seljalandsdalur, hafa stundum verið kallaðir best geymda leyndarmál Vestfjarða. Í skíðalöndum Ísfirðinga er yfirleitt nægur snjór jafnvel þótt hann vanti annars staðar á landinu. Á skíðasvæðinu er hægt að stunda allar gerðir skíða, í Tungudal eru þrjár lyftur og gönguskíðasvæðið í Seljalandsdal er eitt það stærsta á landinu „Göngubrautirnar spanna marga erfiðleikaflokka þannig að flestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar,“ segir Gautur Ívar Halldórsson, forstöðumaður skíðasvæðisins. „Á Seljalandsdal er nánast alltaf opið þegar viðrar til útivistar. Um helgar eru troðnar brautir þar allt upp í tíu kílómetra langar á opnunartíma svæðisins en við stefnum á að opna þar í nóvember en í Tungudal opnum við um mánadámótin nóvember/desember. Í Tungudal eru fjölbreyttar brekkur við allra hæfi sem henta jafnt byrjendum sem lengra komnum. Einnig bjóðum við upp á kennslu fyrir alla.“

Fjallaskíðamennskan vinsæl

Snjóbrettin eru að sjálfsögðu ekki skilin útundan. „Við höfum unnið mikið með brettaáhugafólki til að skapa gott brettasvæði. Ef aðstæður leyfa búa starfsmenn til stökkpalla, bordercross-brautir og fleira til að stytta brettaköppum stundir. Einnig bjóðum við upp á fjallaskíðamennsku en fjallaskíðamenningin er orðin vinsæl og margir vilja prófa hana. Þá er farið í ósnortnar brekkur þar sem engir troðarar eða vélsleðar hafa komið í, það er einfaldlega gengið upp á fjall og farið niður á þar til gerðum fjallaskíðum,“ útskýrir Gautur Ívar. Hægt er að fá leiðsögumenn í slíkar ferðir í gegnum Borea Adventure en að sögn Gauts Ívars eiga öll fyrirtækin á svæðinu, sem hafa með vetrarfróttir og ferðamennsku almennt að gera, í góðu samstarfi.



Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar er eitt það besta á landinu.

Menningarlíf í blóma


Gautur Ívar leggur áherslu á að svipað langt er að keyra frá höfuðborgarsvæðinu til Ísafjarðar og til Akureyrar og yfir jafn mörg fjöll að fara. Einnig að skíðasvæði Ísafjarðarbæjar er eitt það ódýrasta á landinu og að ýmis önnur afþreying er í boði í bænum. „Á veturna er ísfríkt menningarlíf í miklum blóma, meðal annars tónlistarviðburðir og fjölbreyttar listsýningar. Við

verðum með lengri opnunartíma á skíðasvæðinu um helgar og sérstaklega í vetrarfríum eftir áramót, það er að segja frá miðjum febrúar fram yfir fyrstu helgina í mars. Þá verðum við í samstarfi við Latabæ og skíðasvæðið okkar er það eina sem er með Latabæjarbrekku. Í henni eru figúru úr Latabæ sem börnin skíða í gegnum til að æfa beygjurnar. Við byrjuðum þetta samstarf í fyrra og gekk það mjög vel.“


Gaman að prófa eitthvað nýtt

Rekstur skíðasvæðis Ísfirðinga hefur almennt gengið vel undanfarin ár.

„Snjórinn hefur verið nægur og aðsókn hefur aukist, sérstaklega meðal heimamanna. Okkar takmark var að ná til heimamanna fyrst og nú ætlum við að ná til annarra ferðamanna. Hingað er gott að koma og alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt.“



Latabæjarbrekkan er sú eina sinnar tegundar en starfsfólk skíðasvæðisins hefur verið í samstarfi við Latabæ sem hefur gengið vel.



Gautur Ívar Halldórsson er forstöðumaður skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar.

Vetrarfrí á Ísafirði

Tveggja náttu fjölskyldutilboð með hálfu fæði 45.600 kr.

M.v. 2 fullorðna og 2 börn, gisting í herbergi með baði, morgunverður og 2ja rétta kvöldverður.

Börn eru 11 ára og yngri. Fyrir unglinga 12-18 ára í stað barns, greiðist 2.500 kr. aukagjald per dag.

Sé bætt við aukanoft er hún á 20.500 kr. með hálfu fæði.

Þriggja náttu fjölskyldutilboð með morgunverð 43.400 kr.


M.v. 2 fullorðna og 2 börn, gisting í herbergi með baði og morgunverður.

Börn eru 11 ára og yngri. Fyrir unglinga 12-18 ára í stað barns, greiðist 1.800 kr. aukagjald per dag.

Sé bætt við aukanoft er hún á 14.000 kr. með morgunverð.

Kynntu þér nánar á
hotelisafjordur.is eða í síma 456 4111

HÓTEL
Ísafjörður



**HÁRVÖRUR OG HAND-
KLÆÐI HVERFA HELST**

Rúmlega 50 prósent Svía viðurkenna að hafa hnúplað einhverju af hótélherbergi samkvæmt rannsókn sem Skyscanner framkvæmdi. Þúsund manns tóku þátt í rannsókninni.

Stærstur hluti eða 38 prósent höfðu tekið með sér há- og húðvörur, tólf prósent handklæði og annað tau. Þrjú prósent höfðu svo tekið með sér hápurkur og jafnvel sjónvarp. Það telst reyndar varla stuldur ef húð- og hárvörur eru teknar enda eru þær hugsaðar til brúks. Annað á við um handklæði og tau og geta gestir verið rukkaðir eftir á um slíkt ef stuldurinn kemst upp. Það á vitanlega líka við um hluti eins og hápurkur og sjónvörp. **Á árum** áður voru það aðallega öskubakkar sem hurfu en flest, ef ekki öll, hótélherbergi eru í dag reyklus svo það er engum öskubökkum til að dreifa.

**Í SVÍTU Í HÁLOFTUNUM**

Flestum líður illa í þröngum sætaröðum flugvéla. Þessir farþegar hafa ekki ráð á að kaupa dýr sæti á fyrsta klassa. Þeir láta sig því hafa þröngu sætin til að eiga kost á því að ferðast. Það má hins vegar alveg láta sig dreyma um betri sætin og þægindi.


Í vélum Airbus A380 er mikill lúxus á fyrsta farrými. Singapore Airlines, Emirates Airlines og Quantas Airlines bjóða öll upp á mikinn lúxus um borð á fyrsta farrými. Þar er til dæmis boðið upp á einkarými með svefnaðstöðu í löngum flugferðum, það er að segja fyrir þá sem hafa efni á að borga fyrir slíka aðstöðu. Klefarnir minna fremur á járnbrautarvagn en flugvél. Farþegar í slíkum svítum eru með sér flatskjá, tölvu og þeir geta pantað sér lúxusmáltíðir. Maturinn er borinn fram á postulínsdiskum framleiddum af frægum hönnuðum. Eingöngu eðalvín er í boði hjá þeim sem kaupa svítu.

**Í SPORUM HARRY POTTER**

Aðdáendur Harry Potter geta nú lifað sig enn frekar inn í ævintýrið þar sem hótél í London hefur tekið í notkun herbergi sem eru eftirlíkingar af herbergjum Hogwarts-heimavistarskólans fræga.

Georgian House-hótelið er 163 ára gömul bygging sem stendur nærri Viktoríustöðinni. Herbergin eru innréttuð með koffortum, lyfjaflosum, suðupottum og galdrabókum. Auk þess að gista í herbergjum eins og þeim sem Harry bjó í geta gestir keypt sér Harry Potter-pakkann. Þá er farið í gönguferð með leiðsögumanni um miðborg London og kennileiti úr myndunum skoðuð og farið í Warner Bros-stúdíóið þar sem farið er í sérstaka ferð um gerð myndanna um Harry Potter.

Starfsfólk hótelsins leggur áherslu á að bjóða fjölskyldur velkomnar og leggur sig fram við að skemmta yngstu gestunum. Þegar gestir koma á hótelið er kveikt á kertum og spiluð tónlist þegar þeir ganga inn í Leyniklefan.

**AKUREYRI**

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



www.visitakureyri.is

Upplýsingamiðstöð í HOFI | 600 Akureyri | tel. 450 1050 | info@visitakureyri.is